

Umsókn í erlenda sjóði - verkferill

Stefnumótun um sjóðasókn fer fram á einstökum fræðasviðum Háskóla Íslands og tekur mark af langtímamarkmiðum viðkomandi sviðs og HÍ.

Vöktun og miðlun

Ráðgjafar Félagsvísindastofnunar:

- Skimun og rýni á styrkjaáætlunum.
- Þátttaka í bakhópsvinnu Rannís og almennum upplýsingafundum þeirra um ólíkar styrkjaáætlanir.
- Miðlun upplýsinga og kynning til sviðsfólks.

Rannsóknþjónustan:

- Stendur fyrir kynningum á rannsóknáætlun ESB, Norrænum sjóðum og sjóðum sem RANNIS hefur umsjón með í samstarfi við fulltrúa viðkomandi styrkjasjóða héraðs, auk annarra sjóða eftir því sem tilefni gefst.
- Býður sérsniðnar kynningar inn í deildir og á svið, í nánú samstarfi við ráðgjafa Félagsvísindastofnunar.
- Leitar upplýsinga og aðstoðar við umsóknir í aðra erlenda sjóði (t.d. bandaríska, norræna eða tvíhliða sjóði eins og til að mynda rannsóknasjóð Svíþjóðar).

Rannsóknadagatal:

- er unnið í samstarfi ráðgjafa Félagsvísindastofnunar, rannsóknastjóra sviða og Rannsóknþjónustunnar.
- er hýst hjá Rannsóknþjónustu sem er ábyrg fyrir uppfærslu.

Finna samstarfsaðila

- Ráðgjafar [Félagsvísindastofnunar](#) aðstoða sviðsfólk við að mynda/efla tengslanet.
- [RANNIS](#) og [Rannsóknþjónusta](#) HÍ geta oft aðstoðað við leit að samstarfsaðilum
- Nauðsynlegt er að þekkja eða þekkja vel til væntanlegra samstarfsaðila

Samstarfsaðilar fundnir

- Innanlands þarf að huga að því samstarfi sem þegar er til staðar; í verkefnum er algengt að fleiri en einn samstarfsaðilli sé frá hverju landi.

- Erlendis er mikilvægt að nýta þau sambönd sem þegar eru fyrir hendi og afla nýrra sambanda á ráðstefnum og öðrum samstarfsvettvangi.

Dæmi um styrki sem nýtast á undirbúningstímanum

- [Rannís](#) veitir styrki vegna utanlandsferða og annars kostnaðar við undirbúning umsókna í rannsóknáætlunina. Styrkirnir eru greiddir eftirá og háðir staðfestingu á að gildri umsókn hafi verið skilað í rannsóknáætlunina.
- [Rannsóknþjónustan](#) tekur að sér að sækja um undirbúningsstyrki Rannís fyrir vísindamenn HÍ.
- [Sáttmálasjóður](#) veitir styrki til ferða sem tengjast undirbúningi samstarfsverkefna og á ráðstefnur þar sem fólk er með framlag.

Umsóknarskrif

Fyrsta verkefnislýsing

- Í upphafi er gert stutt yfirlit og það sent til yfirlstrar, t.d. hjá ráðgjöfum Félagsvísindastofnunar og starfsfólki Rannsóknþjónustu.
- Yfirlitið þarf að vera stutt og skýrt, og rúmast á einni blaðsíðu.
- Yfirlitið þarf að vera skiljanlegt öðrum en sérfræðingum á viðkomandi sviði.

Umsóknarumhverfið:

- Umsóknir eru skráðar á [EPSS](#) eða annað kerfi. Rannsóknþjónusta HÍ aðstoðar við skráningu og færslu inn í kerfin.¹
- PIC númer fæst hjá ráðgjöfum Félagsvísindastofnunar og Rannsóknþjónustu sem gerir fjármálastjóra HÍ viðvart
- Ráðgjafar Félagsvísindastofnunar og Rannsóknþjónustan gefa einnig upp DUNs og önnur númer vegna umsókna til Bandaríkjana. Fjármálastjóri er ábyrgur gagnvart FP7 fyrir hönd Háskólans og óheimilt er að skuldbinda² stofnunina án hans vitundar. Ráðgjafar FVS eru tengiliðir milli fjármálastjóra og umsækjenda.

Eyðublöð

- Ráðgjafar Félagsvísindastofnunar fylla út A-form fyrir umsækjendur ef þess er óskað og [A2-form](#) í umsóknum vegna rannsóknáætlana
- Ýmis skjöl sem varða umsóknir til ESB má finna á [Cordis](#).

Ýmis gögn sem nauðsynlegt er að huga að tímanlega

¹ Sjá einnig [EPSS leiðbeiningar](#)

² Til að umsókn sé gild þarf að fá undirskrift frá háttsettum aðila innan stofnunar; í tilfalli HÍ yfirlitt frá fjármálastjóra sem rektor hefur gefið umboð sitt.

- [Pert](#) og Gantt ([dæmi 1](#) – [dæmi 2](#)) kort eru mikilvæg tæki áður en vinnupakkar verða til
- [Kostnaðaráætlun](#) byggist m.a. á vinnuþökkum og þarf að vanda vel til hennar.
- Ráðgjafar Félagsvísindastofnunar veita upplýsingar um fastan kostnað og [launatölur Háskólans](#) og aðstoða við fjárhagsáætlun ásamt Rannsóknþjónustu HÍ.
- *Letter of Intent* þarf sviðsforseti eða fulltrúi hans að undirrita. Formið fylgir FP7 umsóknum.
- Sérstök [stuðningsyfirlýsing](#) frá HÍ þarf að fylgja ERC umsóknum. Staðlað bréf hefur verið lagað að HÍ og sér Rannsóknþjónusta um að útbúa bréfið og fá undirskrift rektors á það.

Yfirlestur

- Ráðlegt er að fá fólk með reynslu af umsóknum og mati að lesa yfir.
- Ráðgjafar Félagsvísindastofnunar lesa yfir umsóknir.
- Starfsfólk Rannsóknþjónustu tekur einnig að sér að lesa yfir umsóknir.
- Mikilvægt er að lesa umsóknir yfir með hliðsjón af því sem skilar stigum / dummy mat.

Sjóður metur umsóknina

- Matsskýrsla send umækjanda.
- Umsækjanda boðið að gera athugasemdir við umsögn. Ef umsókn er synjað er möguleiki að endurskoða hugmynd og skrifa nýja umsókn með hliðsjón af ábendingum í umsögn.

Rannsóknþjónusta Háskólans hefur eftirlit með [samningagerð](#) fyrir hönd HÍ

- Nauðsynlegt er að allir samningar berist skjalastjóra Félagsvísindasviðs.
- Fjármálastjóri undirritar alla samninga fyrir hönd Háskóla Íslands.